

Ár 2017, mánudaginn 15. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Óskari Bergssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf.

I.

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun forstjóra Landsnets hf. heyrir undir kjararáð.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 1. apríl 2016 frá formanni stjórnar Landsnets hf. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði laun forstjóra Landsnets hf. og að þau verði ákvörðuð í samræmi við ábyrgð, starfsskyldur, vinnuframlag og árangur í starfi. Fram kemur að lög og reglur um Landsnet hf. geri miklar kröfur um hæfni forstjóra og leggi á hann ábyrgð og starfsskyldur sem gangi mun lengra en almennt gerist í hlutafélögum. Þá segir í bréfinu að flutningskerfi raforku teljist til megininnviða samfélagsins og sé samfélaginu mikilvægt á mörgum sviðum eins og efnahags-, félags- eða öryggismála. Starfsemi fyrirtækisins afmarkist ekki einungis af hefðbundinni starfsemi eins og rekstri raforkuflutningskerfisins. Fyrirtækið hafi hlutverki að gegna sem óháður aðili í þróun orkuviðskipta og sé virkur þátttakandi við að tryggja öryggi þjóðarinnar með forustu í neyðarsamstarfi orkufyrirtækjanna og setu í almannavarnaráði. Einnig kemur fram í bréfinu að breyting á raforkulögum sem komið hafi til framkvæmda 1. júlí 2015 hafi haft í för með sér verulega viðbót við starfsskyldur forstjóra og aukið vinnuálag umtalsvert. Nauðsynlegt sé að forstjóri taki virkan þátt í því samráðsferli sem lögin kveði á um og þurfi til að starfsemi Landsnets hf. fari í eðlilegan farveg. Lagabreytingin feli í raun í sér umbyltingu á nánast allri starfsemi fyrirtækisins með tilheyrandi álagi fyrir forstjóra, ekki síst í formi yfirstjórnunar og eftirlits. Sú breyting sem snúi að kerfisáætlun leggi auknar skyldur á Landsnet hf. um samráð og opin og gagnsæ vinnubrögð. Þetta muni hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir forstjóra þar sem hagsmunaaðilar vilji hafa bein samskipti við æðstu stjórnendur fyrirtækisins. Felist þær breytingar einkum í því að forstjóri verði að taka beinan þátt í samráðsfundum við stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir, samtök og almenning. Þá þurfi hann að halda kynningar um allt land og vera í víðtækum samskiptum við fjölmiðla. Þessu til viðbótar er bent á að lögð sé meiri áhersla en áður á samræmingu við tilskipanir Evrópusambandsins um ýmis atriði er snerti rekstur Landsnets hf. og leiði slíkt óneitanlega til aukinna alþjóðlegra samskipta sem forstjóri annist.

Með bréfi dagsettu 14. apríl 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var forstjóra Landsnets hf. með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 20. apríl 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra fyrirtækja við ákvörðun um laun forstjórans og að gætt sé jafnræðis við ákvarðanir kjararáðs.

Forstjórinn sendi kjararáði bréf dagsett 19. apríl 2016. Í bréfinu er tekið undir sjónarmið stjórnarinnar um endurskoðun launa forstjóra. Fram kemur að starfsemi Landsnets hf. sé flókin sérleyfisstarfsemi sem krefjist mikillar þekkingar á fjölmörgum sviðum. Starfsemin byggist á rekstri flókinna tæknikerfa sem þurfi að virka við allar aðstæður hvort sem um

óveður eða náttúruhamfarir sé að ræða. Fyrirtækinu sé jafnframt ætlað að þróa og reka viðskiptalíkan fyrir orkuviðskipti og beri ábyrgð á öryggi orkuafhendingar til neytenda. Þá segir í bréfinu að stærri framkvæmdir fyrirtækisins séu umdeildar og stjórnsýslan við undirbúning þeirra mjög flókin. Segja megi að allar ákvarðanir tengdar þessum verkefnum séu kærðar á öllum stigum. Af framangreindu megi ráða að starfsemi Landsnets hf. sé mun flóknari en flestra fyrirtækja og krefjandi fyrir starfsmenn þess. Til að sinna hlutverki sínu þurfi fyrirtækið að ráða starfsmenn á samkeppnishæfum launum. Jafnframt segir að Landsnet hf. sé með stærri fyrirtækjum landsins og muni vaxa hratt á næstu misserum. Nýleg breyting á lagaumhverfi Landsnets hf. hafi auðveldað fyrirtækinu að sinna hlutverki sínu meðal annars með því að auka vægi kerfisáætlunar (uppbyggingaráætlun fyrir raforkuflutningskerfið) og auka samráð við hagsmunaaðila á fyrstu stigum undirbúnings. Þessar breytingar auki hins vegar verulega álag á stjórnendur fyrirtækisins, ekki síst forstjórann sem leiða þurfi samskiptin við fjölmarga aðila.

Með bréfi dagsettu 19. maí 2016 fékk forstjóri Landsnets hf. sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Í bréfi forstjórans dagsettu 31. maí 2016 eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

III.

Landsnet hf. var stofnað með lögum nr. 75/2004. Hlutverk félagsins er að annast raforkuflutning og kerfisstjórnun í samræmi við ákvæði III. kafla raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum. Samkvæmt raforkulögum skal eitt fyrirtæki annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Fyrirtækið skal vera í meirihlutaeigu ríkis, sveitarfélaga og/eða fyrirtækja sem alfarið eru í eigu þessara aðila. Flutningsfyrirtækið má ekki stunda aðra starfsemi en þá sem því er nauðsynleg til þess að geta rækt skyldur sínar samkvæmt lögnum eða samkvæmt öðrum lögum. Því er þó heimilt að reka raforkumarkað, enda haldi fyrirtækið reikningum vegna hans aðskildum frá reikningum vegna annarrar starfsemi í bókhaldi. Stjórn Landsnets hf. skal vera sjálfstæð gagnvart öðrum fyrirtækjum sem stunda vinnslu, dreifingu eða sölu raforku. Eigendur Landsnets hf. eru Landsvirkjun sem á tæp 65%, Rarik ohf. 22,5%, Orkuveita Reykjavíkur tæp 7% og Orkubú Vestfjarða ohf. 6%.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Landsnets hf. laun þann 29. júní 2013. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Kjararáð hefur ákveðið að þær breytingar sem orðið hafa á umsvifum Landsnets hf. og áður er gerð grein fyrir skuli leiða til fjölgunar mánaðarlegra eininga, þó þannig að gætt sé að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er rakið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og starfskjör forstjóra Landsnets hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. maí 2016 skulu mánaðarlaun forstjóra Landsnets hf. vera samkvæmt launaflokki 502-138, nú 1.023.517 krónur. Að auki skal greiða honum 60 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Landsnets hf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

Óskar Bergsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber